

Priðjudagurinn 18. janúar 1994

Samþykkt nr. 2/1994.

**Kvörtun Stoðtækjasmíðinnar Stoðar h.f.
vegna sölusynjunar Össurar h.f.**

Samkeppnisstofnun barst erindi dags. 15. júlí s.l. frá Stoðtækjasmíðinni Stoð hf., Trönuhrauni, 8, Hafnarfirði, undir fyrirsögninni "*Framhaldskæra*" þar sem fyrirtækið Össur hf. er með tilvísun til laga nr. 8/1993 kært fyrir að koma í veg fyrir að umboðsaðilar Össurar hf. í Evrópu, PI Medical Ab í Svíþjóð, selji Stoð hf. "Iceross" silikonhulsur. Einnig segir að fyrirtækinu hafi, af sömu aðilum, verið meinað að kaupa svonefnda "Masterstep" fótliði, sem Össur hf. framleiðir og notar til eigin framleiðslu gervilima og selur erlendum framleiðendum.

Forsaga málsins er sú að Verðlagsstofnun barst erindi dags. 16. janúar 1993 frá Stoðtækjasmíðinni Stoð hf. Í erindinu var stoðtækjasmíðin Össur hf., Hverfisgötu 105, Reykjavík, kærð fyrir ólögmeða viðskiptahætti og brot á lögum nr. 56/1978. Í erindi Stoðar hf. kemur fram að Össur hf. hafi neitað að selja Stoð hf. "Iceross" silikon-hulsur, sem Össur hf. framleiðir og selur bæði til útflutnings og til aðila hérlendis. Silikonhulsur þessar eru notaðar við smíði gervifóta og er Össur hf. eini framleiðandi þeirra hérlendis. Í erindinu sagði m.a. "*Stoð hf., hefur vegna þessara viðskipahafta neyðst til að kaupa silikonhulsur frá þeim aðilum erlendis er kaupa þær frá Össuri hf., sem er bæði dýrara og óhentugra fyrir fyrirtækið. Af þessu leiðir að viðskiptavinir Stoðar hf., sitja ekki við sama borð hvað varðar verðlag og viðskiptavinir Össurar hf.*" Verðlagsstofnun kannaði orsakir sölusynjunarinnar og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til afskipta af hennar hálfu.

Í erindi Stoðar hf. frá 15. júlí s.l. telur fyrirtækið að framferði Össurar hf., brjóti gegn markmiðum samkeppnislaga. "*Þar sem Össur hf., selur samkeppnisadilum sínum sem eru á sama framleiðslustigi og Össur hf., Iceross silikonhulsur og Masterstep fótliði en kemur í veg fyrir að Stoð hf., geti keypt þær vörur telur Stoð hf., að Össur hf brjóti gegn samkeppnislögum nr. 8/1993, aðallega 10. gr. þar sem bann er lagt við því að fyrirtæki á sama sölustigi geri með sér samninga og samþykktir sem eru ætlaðar að hafa áhrif meðal annars á skiptingu markaðar eftir svæðum eða viðskiptavinum. Einnig telur Stoð hf. þessar viðskiptahömlur vera brot á 20. gr. laganna."*

Í verðáætlun, fyrir gervifót, sem Stoð hf. afhenti Samkeppnisstofnun kemur fram að aukakostnaður við að útvega "Iceross" siliconhulsu erlendis frá er talinn vera tæplega 4% af heildarverði gervifótarins.

Stoð hf. heldur því fram að Össur hf. selji "Iceross" siliconhulsur og Masterstep fótliði til annarra samkeppnisaðila, sem eru á sama framleiðslustigi og Össur hf. en komi í veg fyrir að Stoð hf. geti keypt þessar vörur. Hið rétta er að Össur hf. selur þessar framleiðsluvörur eingöngu til erlendra framleiðenda. Erlendir framleiðendur eru ekki í samkeppni við Össur hf. um smíði gervifóta á innlendum markaði.

Össur hf. hefur þróað aðferð við framleiðslu gervifóta, sem byggist á notkun "Iceross" siliconhulsa. Össur hf. neitar að selja "Iceross" siliconhulsur til samkeppnisaðila í framleiðslu á innlenda markaðnum, væntanlega til þess að aðrir geti ekki framleitt samskonar gervifætur og til að beina viðskiptum til sín.

Umboðsaðili Össurar hf. fyrir Evrópu PI Medical Ab, Svíþjóð, vill ekki afgreiða þessar vörur til Stoðar hf. þar sem hann telur Ísland ekki vera á sínu sölusvæði og vísar því Stoð hf. til Össurar hf. með pantanir á þessum vörum. Þótt það liggi ekki fyrir má ætla að þarna sé um fyrimæli frá Össuri hf. að ræða.

Synjun Össurar hf. á sölu "Iceross" siliconhulsa til keppnauta fyrirtækisins á framleiðslustigi getur leitt til þess að fyrirtækin á íslenska stoðtækjamarkaðnum geti ekki framleitt sams konar gervifætur. Iceross siliconhulsur og Masterstep fótliðir eru eigin framleiðsla og uppfinning Össurar h.f. Ef Össur hf. styrkir stöðu sína á markaðnum fyrir stoðtæki með sölusynjun sinni ber að líta á það í því ljósi að fyrirtækið hefur fengið einkaleyfi til framleiðslu Iceross siliconhulsa og Masterstep fótliða vegna hugvits og þróunarstarfs starfsmanna fyrirtækisins.

Samkvæmt upplýsingum annars stoðtækjaframleiðanda eru staðgönguvörur á markaðnum til framleiðslu á gervifótum. Notendur gervifóta eiga því valkosti um það hvers konar fætur þeir kaupa. Samkeppnishindranir þær sem sölusynjun Össurar h.f. veldur eru því að mati samkeppnisráðs ekki skaðlegar fyrir markaðinn í heild.

Samþykkt:

"Sölusynjun Össurar h.f. gagnvart Stoðtækjasmíðinni Stoð h.f. brýtur ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993."